
Loftkastalar, áföll og angist

Í árdaga hins íslenska efnahagsundurs, þegar innflutningur og framkvæmdir byggðust á náðarleyfum möppudýranna, skömmu eftir vígslu Þjóðleikhússins, á meðan Hallgrímskirkja var ennþá fjarlægur draumur og Kringlan ekki einu sinni möguleg þá lét arkitekt nokkur sig dreyma um að reisa Vöruhús Reykjavíkur á Vitatorgi, verslun handa nútímanum með öllu undir einu þaki og rúllustigum á milli hæða. Þessi arkitekt var Sigurbjörn Helgason og hann reisti þetta hús í nýjustu skáldsögu Ólafs Gunnarssonar, Tröllakirkju.



Ólafur Gunnarsson.

Margradda saga

Tröllakirkja er fjölskyldusaga manns sem fær besta vin sinn til að taka þátt í fjárglæfraspili svo hann geti fært samborgurum sínum nútímaverslunarhætti og reist sjálfum sér minnismerki. Eigið fé á hann ekki, frekar en aðrir athafnamenn hér á landi, en er óspar á hugmyndir til að eyða fé annarra og verður bæði reiður og sár þegar menn sjá tormerki á veðsetningu eigna sinna til að framkvæmdagleðin geti haft sinn gang. Inn í þessa framfaradrauma fléttast örlög barna og kvenna svo að úr verður margradda verk sem lesendinn er ekki alltaf viss um að tilheyri sömu sögu — en gerir það nú samt eins og vöruhúsið sem er undir einu þaki með sínar ósamstæðu verslanir. Lengst er þó gengið í fjölbreytninni þegar sagan bregður sér í gervi dagbókar- og bréfaskáldsögu nokkra hríð en heldur síðan áfram á hefðbundnari brautum eins og ekkert hafi í skorist. Stóratburðir hlaðast upp, sálarangist manna magnast og þeir grípa til örþrifaráða sem eru þess eðlis að ritdómari má ekki eyða dálkum sínum í endursögn þeirra en verður þess í stað að tala undir rós og velta fyrir sér merkingu, styrk og veikleikum bókarinnar án beinna tilvísana. Tröllakirkja er mikil mannlífsstúdía og tekst mjög vel upp í heilsteyptri lýsingu Sigurbjarnar, draumum hans, veikleikum og sjúkleika sem við sjáum þó varla nema á viðbrögðum annarra. Sjónarhorn okkar sveiflast frá honum til aðstandenda þannig að við erum ýmist „með eða á móti“ og getum jafnvel stundum talið manninn vera í lagi! Við sjáum hvernig margir þættir koma til og hrekja Sigurbjörn út á ystu nöf, ekki bara fjármál heldur tilfinningakreppa og áföll sem spila saman í niðurbroti mannsins.

Raunveruleiki eða skáldskapur?

Við fáum sterka tilfinningu fyrir persónum, aðstæðum og stemningu en fjölbreytileikinn veldur því jafnframt að stundum er eins og maður sé staddur úti í lífinu sjálfu en ekki í skáldriti þar sem „á að vera“ búið að fella alla þræði að heildarhugsun verksins. Maður spyr hvaða hlutverki knattspyrnusnilli eins sonarins gegni, eða sendlastörf þess yngri. Að vísu má segja að hvort tveggja eigi þátt í að byggja upp trúverðuga mannlífsmynd en hlutverkið liggur ekki í augum uppi fyrir „hænuhaus lesandans“. Meiri heilabrotum veldur af hverju ríki frændinn og vinurinn, sem á fasteignir í Reykjavík sem Sigurbjörn seilist í til veðsetningar fyrir sinn íslenska draum, býr með ungri konu í ryðguðu og niðurníddu bárujárnshúsi á Eyrarbakka og bíður eftir að fá vinnu við trésmíðar. Af hverju er ekki þessi maður að njóta auðæfanna í borginni og drífa upp hið Nýja Ísland með handverki sínu?

Sumt af þessu er svo undarlegt að manni dettur í hug að höfundur hafi raunveruleg dæmi um aðstæður af þessu tagi. Stundum hefur þetta þau áhrif að lesandinn hugsar hvað breytingar hafi í raun verið litlar frá tíma sögunnar, ólíkt mörgum sögum sem gerast ekki í nútíðinni og tönnlast á furðum fortíðarinnar til að undirstrika ytri tíma sinn. Maður verður t.d. að trúa því að það gangi án stórskandala að leggja skyndikonu í sæng hjá sér í foreldrahúsum upp úr 1950 og senda hana hálfbera niður í eldhús eftir vatni þar sem hún rabbar við húsbóndann og dinglar framan í hann brjóstunum! Eins má spyrja sig hvort sagan sé ekki ofhlaðin að blanda saman loftköstulum Sigurbjarnar við kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum, áhrif þess á einstaklinga og fjölskyldulíf, og vanmátt refsinga í réttarríkinu til að bægja slíkum ófögnuði frá þegnunum.

Tröllakirkja er einlæg bók, skemmtileg og spennandi. Hún lýsir jafnframt angist aðalpersónu sinnar og sívaxandi geðbilun á afar nærfærinn hátt þó að framan af sé hann bara venjulegur óreiðupési sem drekkur frá sér vitið: hugsar hátt í vímunni en kemur litlu í verk þegar af honum rennur. Persónusköpun Sigurbjarnar hlýtur að teljast helsta afrek bókarinnar sem er látin gerast fyrir um 40 árum en gæti eins átt við okkar daga og þau siðblindu athafnaskáld sem gera okkur lífið leitt með stórhug og gjaldþrotum allra í kringum sig.

Ólafur Gunnarsson
Tröllakirkja (skáldsaga, 279 bls.)
Forlagið 1992

Bókmenntir

Gísli Sigurðsson



Alternatorar
Startarar

Ótal gerðir og tilheyrandi varahlutir.
Hagstætt verð. 12 mán.ábyrgð.

HÁBERG
SKEIFUNNI 5A, SÍMI: 91- 81 47 88

Minnisvarðar frjósemisdýrkunar

– Jean-Jacques Lebel á Kjarvalsstöðum

Á sjötta og sjöunda áratugnum varð endurvakning súrrealískra hugsjóna í Frakklandi til þess að fram á sjónarsviðið komu margir þúsundþjalasmiðir á sviði listanna, t.d. undir merkjum fluxus, og gerðu í því að ögra grónum gildum. Íslendingurinn Erró tók þátt í þessum umbrotum en einn kunningi hans gekk þó sýnu lengra í að reyna á þanþol hinnar listrænu umgjarðar. Sá var Jean-Jacques Lebel er sýnir nú verk sín á Kjarvalsstöðum. Þar er mestmegnis um að ræða verk frá hinum gróskumikla tíma í kringum 1960. Á þessum árum tók J.J. Lebel þátt í og skipulagði fyrstu happeninguppákomurnar í París þar sem öllu ægði saman; hljóðljóðum, klippimyndum og málverki. Róttækar pólitískar skoðanir voru óhjákvæmilegur þáttur í lífsviðhorfum Lebels, líkt og svo margra sem sóttu innblástur til súrrealismans. Svo fór að Lebel lagði um tíma að mestu niður einstaklingsbundið framapot á vettvangi listanna og helgaði sig sjálfsuppbyggingu að hætti súrrealista næstu tvo áratugina. En það má ekki skilja sem svo að listamaðurinn hafi snúið baki við umheiminum þennan tíma; þvert á móti er afhjúpun tvískinnungs í nútímanum enn fyrirferðarmeiri í nýrri verkum hans en þeim eldri og háðið jafnframt beittara.



Jean-Jacques Lebel.

Myndlist

Ólafur Engilbertsson

Gerningaleysi og alþýðleg efnisfátækt

Sýningu þessari mun einkum ætlað að gefa innsýn í listferil Lebels og jafnframt að bregða nokkru ljósi á hræringarnar í frönsku listalífi í kringum 1960. Í útfærslu þeirra útgangspunkta er nokkrar brotalamir að finna. Til að mynda er engin myndbönd, bækur, hljóðverk eða ljósmyndaraðir að finna á sýningunni er undirstrikað gætu þátt gerningsins í fyrrnefndum hræringum og jafnframt í list Lebels á sjötta og sjöunda áratugnum. Það eina sem gefur til kynna virkni hans á þeim vettvangi eru nokkur veggspjöld sem hanga í miðrýminu. Ennfremur eru of fá verk Lebels á sýningunni frá síðustu tveimur áratugum til að hér geti verið um marktæka yfirlitssýningu að ræða. Þó er sýning þessi í heild sinni heildstæð og þau tvö verk sem þar er að finna frá síðustu árum eru í hugmyndalegu samræmi við önnur verk á sýningunni. Það er hinn erótíski undirtónn hversdagsins sem vakir fyrir Lebel að leiða fram. Verk hans eru alþýðleg og tengjast hugmyndinni um „arte povera“ eða efnisfátæka list þar sem notast er við það sem hendi er næst.

Helgisiðir, erótík og minnisvarðar

Það er einnig að finna vissa tignun eða helgisiðatilhneigingu í verkum Lebels; mörg verka hans minna á altari eða minnisvarða. Verkið Radio Mono, sem tileinkað er Antonin Artaud, inniheldur til að mynda hauskúpu langafa listamannsins og er það fyllilega í samræmi við hugmyndir Artauds. Mr. America: Bomb! er einnig vel heppnaður minnisvarði um hina dulbúnu frjósemisdýrkun nútímans í hernaði og kirkjubyggingum. Mesta athygli á sýningunni hefur þó ugglaust vakið „trúarlyfta“ í líki skíðasleða sem kallast Upp? Niður? Þar er um að ræða beinustu tenginguna við gerningaþáttinn í list Lebels. Nýrri verkin eru þó tvímælalaust þau best heppnuðu á sýningunni og þá sérstaklega Cosmic Gremb sem blasir við þegar gengið er inn eftir miðrými í átt að austursal. Þar sameinast í einu verki hin súrrealíska erótík óáþreifanlegs nútíma og helgisiðir listamanns sem reynir af fremsta megni að halda í vitundarfrelsi sitt. Sýningunni á verkum Lebels lýkur sunnudaginn 13. desember.

DV

Aukablað
BÓKATÍÐINDI

Á morgun, miðvikudag, fylgir DV 24 síðna aukablað með upplýsingum um þær bækur sem gefnar eru út fyrir þessi jól.

DV

Bókatíðindi
– 24 síður –
– á morgun –